



Stjórn SSH 339. fundur

Mánudaginn 7.september 2009 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn: Haraldur Sverrisson, Gunnar Einarsson, Ellý Erlingsdóttir, Gunnsteinn Sigurðsson, Ásgerður Halldórsdóttir og Sigurbjörn Hjaltason. Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. SSH - stefnumótun.

Reynir Kristinsson ráðgjafi frá Nýsköpun og ráðgjöf fór yfir úrvinnslu og samantekt vegna vinnu við mat og greiningu á helstu þáttum sem fram hafa komið við vinnu í framhaldi af hugarflugsfundi stjórnar varðandi samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu á vettvangi SSH.

Umræður

Niðurstaða:

- Samþykkt að vinna áfram að máli m.a. með því að setja fram tillögu að endurskoðuðum samþykktum fyrir SSH sem lögð verði fyrir næsta aðalfund samtakanna.

2. Önnur mál

- a) Samráð vegna gerðar fjárhagsáætlana fyrir 2010.

Í ljósi góðrar reynslu frá liðnu hausti var samþykkt að boða til samráðsfunda forstöðumanna lykilsviða sveitarfélaganna til yfirferðar og samræmingar vegna fjárhagsáætlunarvinnu fyrir árið 2010.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:00